

Efnisyfirlit

Dagskár 80. ársþings.....	2
Fulltrúar á 80. ársþingi.....	3
Ávarp formanns.....	4
Skýrsla stjórnar.....	6
79. ársþing UMSK	6
Stjórn UMSK 2003-2004	7
Aðildarfélög UMSK	8
Ný félög	10
43. Sambandsþing UMFÍ	10
6. Unglingalandsmót UMFÍ	11
Fyrirmyndarfélag ÍSÍ	11
24. Landsmót UMFÍ	12
Héraðsmet í sundi	13
Héraðsmet í frjálsum	14
Skólahlaup UMSK	16
Getraunir	17
Lottó	18
Heiðursviðurkenningar	19
Afreksmannasjóður UMSK	21
Íþróttaiðkendur UMSK	21
Lög UMSK.....	22
Reglur um heiðursviðurkenningar.....	23
Reglur um sérnefndir.....	24
Reglur um skólahlaup.....	24
Reikningar 2003.....	25



Skýrslan

Skýrsla 80. ársþings Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin á skrifstofu UMSK af Birgi Ara Hilmarssyni í janúar og febrúar 2003.

Umbrot og hönnun:
Birgir Ari Hilmarsson

Höfundar efnis:
Valdimar Leó Friðriksson
Birgir Ari Hilmarsson

Ljósmyndir:
Úr myndasafni UMSK

Prentun:
Hvíta Örkin

Dagskrá 80. ársþings UMSK

18:00	<p>Þingsetning</p> <p>Kosning fyrsta og annars þingforseta</p> <p>Kosning fyrsta og annars þingritara</p> <p>Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar</p> <p>Skýrsla stjórnar lögð fram</p> <p>Endurskoðaðir reikningar lagðir fram</p> <p>Ávörp gesta</p> <p>Álit kjörbréfanefndar</p> <p>Staðfesting á aðild nýrra félaga</p> <p>Umræður um skýrslu stjórnar</p> <p>Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga</p>
19:30	<p>Fundarhlé</p>
20:00	<p>Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd</p> <p>Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram</p> <p>Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram</p> <p>Aðrar tillögur lagðar fram</p> <p>Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir</p>
21:30	<p>Afgreiðsla á álitum nefnda</p> <p>Önnur mál</p> <p>Kosningar, kjörnefnd skilar álitum</p> <ol style="list-style-type: none">Kosning formannsKosning tveggja stjórnarmannaKosning þriggja manna í varastjórnKosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til varaKosning til Íþróttáþings skv. Lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttáþing er haldið
22:30	<p>Þingslit</p>

Fulltúar á 80. ársþingi UMSK

Fulltrúafjöldi sambandsaðilia:

Félag	sk.sk.fél.	fulltr.
Íþróttafélagið Gróttá	476	5
Nesklúbburinn	386	4
Dansíþróttafélag Kópavogs	138	1
Breiðablik, ungmennafélag	2.830	9
Tennisfélag Kópavogs	309	3
Íþróttafélagið Gerpla	585	6
Handknattleiksfélag Kópavogs	2.155	9
Siglingafélagið Ýmir	332	3
Skotfélag Kópavogs	91	1
Hestamannafélagið Gustur	406	4
Knattspyrnufélagið Augnablik	17	1
Dansfélagið Hvönn	168	2
Ungmennafélagið Stjarnan	2.245	9
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	889	9
Keilufélag Garðabæjar	82	1
Golfklúbburinn Oddur	745	7
Hestamannafélagið Andvari	306	3
Íþróttafélagið Gáski	45	1
Ungmennafélag Bessastaðahrepps	320	3
Ungmennafélagið Afturelding	2.221	9
Golfklúbburinn Kjölur	436	4
Golfklúbbur Bakkakots	333	3
Ungmennafélagið Drengur	88	1
Hestaíþróttafélagið Hörður	368	4
Hestamannafélagið Sóti	78	1
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	103	1
Keilufélagið Keila		(1)
Knattspyrnufélagið Hvíti Riddarinn		(1)
Skyldingafélag Seltjarnarness		(1)
Alls	16.152	104
		(107)

Ávarp formanns

Ágætu þingfulltrúar.

Velkomin á 80. ársþing UMSK. Í 82. ára sögu UMSK hefur ársþing einungis einu sinni fallið niður. Á síðustu árum hafa þau færst úr 2 dögum í eina kvöldstund. Núna hafa vaknað spurningar um þing á tveggja ára fresti en okkar reynsla segir að þetta form sé afar hentugt og því beri að halda áfram. UMSK telur um 26.000 félagsmenn í 26 aðildarfélögum og 35 deildum. Innan félaganna eru skráðir 14 þúsund iðkendur í 20 íþróttagreinum auk almenningsíþróttá.

Afreksmenn innan UMSK

Hið þróttmikla íþróttastarf aðildarfélag UMSK kemur glögggt í ljós þegar valdir eru afreksmenn sérsambanda ÍSÍ. Við eigum 7 fulltrúa árið 2003 og þau eru:

Blakmaður ársins

Einar Sigurðsson, HK

Fimleikakona ársins

Sif Pálsdóttir, Gróttu

Fimleikamaður ársins

Rúnar Alexandersson, Gerplu

Frjálsíþróttamaður ársins

Jón Arnar Magnússon, Breiðablik

Kylfingur ársins

Birgir Leifur Hafþórsson Golfkl. Kópav. og Garðab.

Tenniskona ársins

Soumia Islami, Tennisfélagi Kópavogs

Tennismaður ársins

Arnar Sigurðsson, Tennisfélagi Kópavogs

Unglingalandsmót

6. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Ísafirði 1. - 4. ágúst. Aðildarfélög UMSK sendu þangað 90 keppendur sem hlutu 32 verðlaun. UMSK greiddi niður þátttökugjaldið um 340.000 kr. Mótið tókst vel og er nauðsynlegt inlegg okkar í þá flóru útihátíða sem í boði eru um Verslunarmannahelgi. Næsta ULM verður 30. júlí - 1. ágúst á Sauðárkróki í sumar og vil ég hvetja aðildarfélögin til að senda þangað þátttakendur. Það er nýbreytni að halda mótið á sama ári og stóra Landsmótið auk þess sem það er haldið á sama mótsstað. Ég á ekki von á að það hafi mikil áhrif á okkar þátttöku þar sem þátttaka og undirbúningur fyrir stóra Landsmótið er í höndum UMSK er ULM er meira í höndum félaga, þjálfara og foreldra. Það má þó reikna með að einhver héraðssambönd hellist úr lestinni í sumar.



Sambandsþing UMFÍ

43. sambandsþing UMFÍ var haldið á Sauðárkróki 18. - 19. október. Þar var m.a. samþykkt að Landsmótin séu opin öllum íþróttafélögum og að ULM verði haldið á hverju ári. Umræður um lagabreytingar varðandi inngöngu íþróttabandalaga tóku mikinn tíma. Á síðasta ársþingi UMSK ræddi ég meðal annars um að ÍSÍ og KSÍ létu í auknum mæli hagnað af rekstri renna til grasróttarninnar og að æskilegt væri að UMFÍ gerði það líka. Jafnframt benti ég á að fella niður skatt aðildarfélag UMFÍ. Það náðist töluverður árangur í þessa átt á þinginu. Okkur tókst að fá samþykkt að UMFÍ greiddi aukalega 3 milljónir á ári til Hérðassambandanna sem þýðir um 750.000 kr til UMSK á þessu ári. Jafnframt var samþykkt að skattur aðildarfélag UMFÍ næstu þrjú ár renni í nýjan sjóð til minningar um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ en að þeim tíma liðnum falli skatturinn niður. Skattur UMSK til UMFÍ er um 300.000 kr á ári. Þetta þýðir að UMFÍ greiði um 1 milljón meir á ári til UMSK. Auk þessa var framlag í Verkefnasjóð UMFÍ aukið um 3 milljónir á ári. Hér er um mikla stefnubreytingu að ræða sem ber að fagna en þessa breytingu þurfum við að vernda og endurskoða í þeim tilgangi að ná fram meira fé til grasróttarinnar á næsta þingi.

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn 28. nóvember s.l. Þar var m.a. farið yfir aukningu á fjárframlögum frá ríkinu á síðustu 10 árum. Það er greinilegt að árangur er að nást en að sjálfsögðu verður ekki slakað á kröfum í þeim efnum.

Afreksmannasjóður

Stjórn UMSK hefur verið dugleg í að úthluta úr Afreksmannasjóðnum á liðnu starfsári. Alls fóru út 2.4 milljónir þar af 200.000 til fyrirmyndarféлага. Tvö félög eða deildir náðu þeim árangri í lok árs að kallast "Fyrirmyndarfélag ÍSÍ". Það eru fleiri á leiðinni og viljum við hvetja öll aðildarfélög til að skoða sína möguleika því þessi titill á eftir að verða mjög þýðingarmikill og hvetjandi í framtíðinni. Varðandi Afreksmannasjóðinn þá vil ég eftir sem áður minna aðildarfélögin á að sækja í hann sem og aðra sjóði sem í boði eru.

24. Landsmót UMFÍ

Undirbúningur fyrir 24. Landsmót UMFÍ gengur vel. Búið er að finna alla greinastjóra og reiknað er með þátttakendum frá UMSK í öllum greinum. Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan UMSK sigraði í heildarstigakeppni en tekin hefur verið ákvörðun um að það gerist í sumar.

25. Landsmót UMFÍ

Á stjórnarfundum UMFÍ 13.-15. febrúar síðastliðinn var UMSK og Kópavogi úthlutað 25. Landsmóti UMFÍ sem fara á fram árið 2007. Öllum sem sóttu um Landsmót var boðið að hafa kynningu þann 26. janúar og ákvað stjórn UMSK að leggja mikla vinnu í það verkefni. Kynningin tókst afar vel og vil ég í því sambandi þakka veitta aðstoð þeim Gunnari Íþróttafulltrúa Kópavogs, Lindu Æskulýðs- og forvarnarfulltrúa, Val forstöðumanni og Sigurði Geirdal bæjarstjóra Kópavogs. Þegar við leitum aðstoðar embættismanna í Kópavogi stóðu okkur allar dyr opnar og hefur það mögulega gert útslagið.

Við lögðum upp með að í Kópavogi er mikil aðstaða fyrir hendi og hægt að bjóða upp á keppni við bestu aðstæður. Jafnframt er áætlað að tengja Landsmótið 100 ára afmæli UMFÍ og vera m.a. með sögusýningu af því tilefni. Það er okkur mikill heiður að vera valin til að sjá um mótshaldið en jafnframt ljóst að það er mikil vinna framundan sem við þurfum að skipuleggja vel og þó svo að við einblínum á Kópavog þá er þetta samstarfsverkefni allra aðildafélaga á UMSK svæðinu.

Lokaorð

Ég vil hvetja aðildarfélagin til að gera samstarfs-samninga við sveitarfélögin um fjárframlög til daglegs reksturs barna- og unglíngastarfs. Verkefnið "Fyrirmyndarfélag ÍSÍ" er tilvalið í því sambandi. Ég hef þá trú að í framtíðinni þykji það sjálfsagt mál hjá sveitarstjórnnum að hafa bein framlög til íþróttafélaga í fjárhagsáætlun. Þetta er einungis spurning um hversu lengi tekst að "þræla" sjálfboðaliðunum út í að búa til tekjur úr engu.

Ágætu félagar,

Ég vil að lokum þakka forsvarsmönnum aðildarfélaganna og öllum þeim sem koma þar að starfi. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra sambandsins þakka ég gott samstarf og okkur öllum óska ég vel-farnaðar í leik og starfi.

Valdimar Leó Friðriksson
Formaður UMSK



Frá síðasta ársþingi UMSK



Formannafundur



Frá setningu Unglíngalandsmóts



Hressir krakkar í skólahlaupi

79. ársþing UMSK

79. ársþing UMSK var haldið í Harðarbolli, félagsaðstöðu Hestaíþróttafélagsins Harðar í Mosfellsbæ. Til þingsins komu 47 fulltrúar frá 12 félögum auk gesta. Þingforsetar voru Marteinn Magnússon og Páll Aðalsteinsson, um þingritun sáu Einar Ragnarsson og Þórhildur Þórhallsdóttir.

Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK setti þingið. Í setningarávarpi fór hann yfir starfsemi UMSK og rakti það helsta sem á dagskrá var á árinu. Hann fór nokkrum orðum um umsókn UMSK um að halda 24. landsmót UMFÍ í Kópavogi sumarið 2004 og þá vinnu sem lagt var í að fá stjórn UMFÍ til að rökstyðja úthlutun mótsins til Sauðárkróks.

Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ ávarpaði þingið og flutti hann kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Stefán þakkaði UMSK fyrir gott samstarf og fagnaði hinu gróskumikla starfi innan sambandsins. Þá minntist Stefán á almenningsíþróttir og sagði þær ekki síður rúmast innan Íþróttasambandsins en afreksíþróttir. Að lokum ræddi hann um fjármál félaga og ábyrgð sem stjórnarmenn þurfa að sýna.

Björn B. Jónsson formaður UMFÍ ávarpaði þingið fyrir hönd UMFÍ, hann lýsti stuðningi við framlagða tillögu um viðmiðunarreglur varðandi úthlutun landsmóta UMFÍ. Björn minntist á formannanámskeið á vegum leiðtoga-skóla UMFÍ, samning sem UMFÍ hefur gert við DV og nýstofnaðan Pálmasjóð sem stofnaður var í minningu Pálma Gíslasonar en sjóðurinn á að tengjast umhverfismálum.

Auk hefðbundra mála sem stjórn lagði fyrir þingið kom tillaga frá Breiðablik, Aftureldingu, HK og Stjórnunni um úttekt á haghvæmni þess að aðildarfélög UMSK fái beina aðild að UMFÍ. Nokkrar umræður urðu um tillöguna sem síðan var samþykkt samhljóða.

Í þinghléi var borinn fram kvöldverður í boði bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Í þinghléi veitti Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK viðurkenningar fyrir afrek á sviði íþróttar og félagsmála innan sambandsins.

Kosið var í stjórn og var Valdimar Leó Friðriksson endurkjörinn formaður sambandsins með lófataki. Í stjórn UMSK til tveggja ára voru kjörin Ester Jónsdóttir og Albert H.N. Valdimarsson. Svanur M. Gestsson, Jónas Már Fjeldsted og Margrét Björnsdóttir voru kjörin í varastjórn.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörin Gunnar Páll Pálsson og Kristján Sveinbjörnsson, Hafsteinn Pálsson var kjörinn til vara.

Að lokum þakkaði formaður það traust sem honum var sýnt og þakkaði fulltrúum fyrir gott og málefnalegt þing.



Starfsmerkishafar á 79. ársþingi ásamt formanni UMSK

Eftirtaldar viðurkenningar voru veittar:

Félagsmálaskjöldur UMSK:	
Jóhann G. Guðjónsson	Afturelding
Afreksbikar UMSK:	
Jón Arnar Magnússon	Breiðablik
UMFÍ bikarinn:	
Meistarafli karla í handknattleik	Grótta
Frjálsíþróttabikar UMSK:	
Sigurbjörg Ólafsdóttir	Breiðablik
Sundbikar UMSK:	
Arnar Felix Einarsson	Breiðablik
Fimleikabikar UMSK:	
Rúnar Alexanderson	Gerpla
Dansbikar UMSK	
Robin Sewell og Elísabet Sif Haraldsdóttir	Hvönn
Gullmerki:	
Hafsteinn Pálsson	Afturelding
Silfurmerki:	
Hraunar Daníelsson	Breiðablik
Starfsmerki:	
Einar Ragnarsson	Hörður
Hafsteinn Örn Guðmundsson	Hvönn
Sigurður Þorsteinsson	TFK
Lárus Eiríksson	Afturelding
Vilborg Guðmundsdóttir	HK
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Gustur
Gróa Jónatansdóttir	Gustur

Stjórn UMSK

Stjórn UMSK skipti með sér verkum á 1. fundi sínum eftir þing.
Þegar þetta er ritað hafa verið haldnir alls 12 formlegir fundir

Formaður



Valdimar Leó Friðriksson
Aftureldingu

Varaformaður



Ester Jónsdóttir
Breiðablik

Ritari



Sævar Kristjánsson
Gusti

Gjaldkeri



Albert H.N. Valdimarsson
HK

Meðstjórnandi



Einar Jóhannsson
NK

Varastjórn



Svanur M. Gestsson
Aftureldingu

Varastjórn



Jónas Fjeldsted
Gróttu

Varastjórn



Margrét Björnsdóttir
Ými

Mæting á Stjórnarfundum

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Alls
Valdimar		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	11
Ester	x	x	x		x	x		x	x	x	x	x	10
Sævar	x		x	x		x	x	x	x	x	x		10
Albert	x	x	x	x	x		x	x	x	x			9
Einar	x	x	x				x					x	5
Svanur				x	x	x				x			4
Jónas	x	x	x		x					x	x		6
Margrét	x			x		x	x		x			x	6

Aðildarfélög UMSK

Neðangreind aðildarfélög voru með virka starfsemi á árinu 2003

Afturelding

Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 1219

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 2221

Alls: 3440

Félagið stofnað: 11. apríl 1909

Formaður: Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir

Formenn deilda:

Badmintondeild: Margrét Gróa Björnsdóttir

Blakdeild: Guðrún Kristín Einarsdóttir

Fimleikadeild: Rósa Dagbjört Hilmarsdóttir

Frjálsíþróttadeild: Hlynur Guðmundsson

Handknattleiksdeild: Árni Sævar Garðarson

Karatedeild: Guðrún Bentsdóttir

Knattspyrnudeild: Garðar Skarphéðinsson

Körfuknattleiksdeild: Særún Ingimundardóttir

Sunddeild: Herdís Eyjólfssdóttir



Drengur

Ungmennafélagið Drengur, Kjós

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 3

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 88

Alls: 91

Félagið stofnað: 1. ágúst 1915

Formaður: Hermann Ingólfsson



UMFB

Ungmennafélag Bessastaðahrepps

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 254

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 320

Alls: 574

Félagið stofnað: 6. janúar 1946

Formaður: Bjarni Ragnarsson

Formenn deilda:

Tennisdeild: Viktor Viktorsson



Breiðablik

Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 2096

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 2830

Alls: 4926

Félagið stofnað: 12. febrúar 1950

Formaður: Magnús Árni Magnússon

Formenn deilda:

Frjálsíþróttadeild: Böðvar Örn Sigurjónsson

Handknattleiksdeild: Böðvar Jónsson

Karatedeild: Indriði Jónsson

Knattspyrnudeild: Magnús Skúlason

Körfuknattleiksdeild: Eggert Baldvinsson

Skíðadeild: Hildur Áspórsdóttir

Sunddeild: Jón Ágúst Gunnlaugsson



Stjarnan

Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 1402

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 2245

Alls: 3647

Félagið stofnað: 30. nóvember 1960

Formaður: Snorri Olsen

Formenn deilda:

Blakdeild: Emil Gunnarsson

Borðtennisdeild: Jónas Skúlason

Fimleikadeild: Sigrún Sigurðardóttir

Handknattleiksdeild: Halldór Ingólfsson

Karatedeild: Ásgeir Kröyer

Knattspyrnudeild: Bjarni Benediktsson

Körfuknattleiksdeild: Gunnar Kristinn Sigurðsson

Sunddeild: Ásta Þóra Ólafsdóttir



Gróttta

Íþróttafélagið Gróttta, Seltjarnarnesi

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 979

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 476

Alls: 1455

Félagið stofnað: 24. apríl 1967

Formaður: Bjarni Torfi Álfþórsson

Formenn deilda:

Fimleikadeild: Margrét Pétursdóttir

Handknattleiksdeild: Kristján Guðlaugsson

Knattspyrnudeild: Hilmar Steinar Sigurðsson



HK

Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 1174

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 2155

Alls: 3329

Félagið stofnað: 26. janúar 1970

Formaður: Þorsteinn Einarsson

Formenn deilda:

Blakdeild: Vilborg Guðmundsdóttir

Borðtennisdeild: Gunnar Þór Finnbjörnsson

Handknattleiksdeild: Hilmar Sigurgíslason

Keiludeild: Guðmundur Jón Jónsson

Knattspyrnudeild: Benedikt Höskuldsson

Körfuknattleiksdeild: Ómar Geir Þorgeirsson

Lyftingadeild: Birgir Eyjólfur Þorsteinsson



Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 611

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 585

Alls: 1196

Félagið stofnað: 25. apríl 1971

Formaður: Kristján Erlendsson



Ýmir

Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi

Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 16

Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 332

Alls: 348

Félagið stofnað: 4. mars 1971

Formaður: Margrét Björnsdóttir



Kjölur

Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 98
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 436
Alls: 534
Félagið stofnað: 5. desember 1980
Formaður: Skúli Skúlason



Andvari

Hestamannafélagið Andvari, Garðabæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 151
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 306
Alls: 457
Félagið stofnað: 5. apríl 1965
Formaður: Matthías G. Pétursson



Gáski

Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 45
Alls: 45
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon



TFK

Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 127
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 309
Alls: 436
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Sigurður Þorsteinsson



GKG

Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 213
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 889
Alls: 1102
Félagið stofnað: 17. apríl 1986
Formaður: Gunnlaugur Sigurðsson



GOB

Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 18
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 333
Alls: 351
Félagið stofnað: 15. júní 1991
Formaður: Anton Bjarnason



Hörður

Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 128
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 368
Alls: 496
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Þórhildur Þórhallsdóttir



GO

Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 44
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 745
Alls: 789
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Páll Kristjánsson



Gustur

Hestamannafélagið Gustur, Kópavogi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 81
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 406
Alls: 487
Félagið stofnað: 11. nóvember 1965
Formaður: Þóra Ásgeirsdóttir



Sóti

Hestamannaélagið Sóti, Bessastaðahreppi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 19
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 78
Alls: 97
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Anton Kjartansson



SFK

Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 91
Alls: 91
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Steinar Einarsson



NK

Golfklúbbur Ness
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 47
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 386
Alls: 433
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Jón Ásgeir Eyjólfsson



KGB

Keilufélag Garðabæjar, Garðabæ
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 82
Alls: 82
Félagið stofnað: 25. maí 1989
Formaður: Baldur Bjartmarsson



Augnablik

Knattspyrnufélagið Augnablik
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 17
Alls: 17
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Árni Þór Birgisson



ÍAK

Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 103
Alls: 103
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Elísabet Hannesdóttir



Hvönn

Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 33
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 168
Alls: 201
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson



DÍK

Dansíþróttafélag Kópavogs
Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 56
Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 138
Alls: 194
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Kjartan Haraldsson



43. sambandsþing UMFÍ

43. sambandsþing UMFÍ var haldið á Sauðárkróki helgina 18. til 19. október s.l. UMSK átti rétt á að senda 14 fulltrúa til þingsins og var að sjálfsgöðu full mæting frá okkur.

Mörg mál voru til umræðu og bar þar hæst umsóknir íþróttabandalaga um aðild að UMFÍ og hvort sambandsaðilar skuli hafa héraðssamband eða ungmennasamband í nafni sínu. Samkomulag náðist í laga- og skipulagsnefnd um að einnig mætti vera íþróttabandalag. Þegar málið var svo borið upp til atkvæða á þinginu var lögð fram breytingatillaga um að íþróttabandalag sé ekki viðurkennt heiti og var hún samþykkt þvert ofan í niðurstöður nefndarinnar. Laga og skipulagsnefnd komst einnig að samkomulagi um að bera upp tillögu um að taka Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar inn í UMFÍ 1. september 2004 enda séu lög þeirra í samræmi við lög UMFÍ en breytingatillaga kom fram um að einnig þurfi að nást sátt um lottóskiptingu fyrir 1. apríl 2004. Breytingatillagan varðandi sáttina um lottóskiptingu var samþykkt og þótti mörgum sem það skref sem stigið var í nefndinni hefði verið stigið aftur til baka.

Landsmótsreglugerð var til umræðu á þinginu og var samþykkt að fjölga keppendum sem sambandsaðilum er heimilt að skrá til keppni þannig að í einstaklingsgreinar sé heimilt að skrá fimm keppendur í stað þriggja áður og í liðakeppni megi skrá tvö lið í stað eins áður.

Þá var samþykkt að opna mótin fyrir íþróttabandalög og heimila þeim þátttöku í landsmótum UMFÍ. Þó geta aðeins sambandsaðilíar UMFÍ orðið „Landsmótsmeistarar“.

Ný félög

Þrjú ný félög sóttu um aðild að sambandinu og samþykkti stjórn UMSK aðild þeirra að sambandinu með fyrirvara um sáþykki ársþings. Það eru Keilufélagið Keila Knattspyrnufélagið Hvíti Riddarinn og Skylmingafélag Seltjarnarness. Samkvæmt lögum UMSK þarf ársþing UMSK að staðfesta aðild nýrra félaga.

Keilufélagið Keila (KLK) var stofnað 1. febrúar 2004. Heimili og varnarþing KFK er í Bessa-staðahreppi og er tilgangur félagsins að halda úti liðum í deildarkeppni KLÍ og kynna íþróttina fyrir almenningi.

Hvíti Riddarinn var stofnaður 27. janúar 2004 en sömu aðilar og stóðu að stofnun þess hafa haldið úti liði með sama nafni í utandeildarkeppninni undanfarin ár. Nú hafa þeir ákveðið að skrá sig til keppni í Bikarkeppni KSÍ og þarf félagið því að vera með aðild að íþróttahreyfingunni.

Skylmingafélag Seltjarnarness var stofnað í apríl 2003. Heimili þess og varnarþing er á Seltjarnarnesi og er markmið félagsins m.a. að iðka skylmingar og glæða áhuga almennings á þeim.

Samþykkt var að greiða þrjár milljónir úr sjóðum UMFÍ til sambandsaðila samkvæmt lottóreglum og að árgjöld félaga renni óskipt í Pálmasjóð næstu þrjú ár og falli síðan niður.

Kjörið var í stjórn UMFÍ og var Björn B. Jónsson einróma kjörinn formaður UMFÍ til næstu tveggja ára. Anna Ragnheiður Möller frá UMSK var kjörin í stjórnina en Valdimar Leó Friðriksson og Margrét Björnsdóttir sem einnig gáfu kost á sér náðu ekki kjöri. Aðrir sem kjörnir voru í stjórn voru: Ásdís Helga Bjarnadóttir, Helga Guðjónsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Birgir Gunnlaugsson og Hringur Hreinsson. Í varastjórn voru kjörnir: Jóhann Tryggvason, Einar Jón Geirsson, Einar Haraldsson og Ingi Þór Ágústsson.

Eins og fram hefur komið var þingið mjög líflegt og voru mörg mál á dagskrá sem ekki eru talin upp hér.



6. Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ er orðinn fastur liður um Verzlunarmannahelgina ár hvert. Að þessu sinni var mótið haldið á Ísafirði og þótti takast í alla staði mjög vel. UMSK átti u.þ.b. 90 keppendur á mótinu í þremur íþróttagreinum, þ.e. frjálsum íþróttum, knattspyrnu og körfuknattleik.

Ekki var um skipulagða ferð á mótið að ræða á vegum UMSK. Mótið er fjöldkyldumót og fóru flestir keppendur með sínum fjölskyldum á mótið. UMSK greiddi helming keppnisgjalda eins og gert hefur verið undanfarin mót. Þá var sambandið með stórt samkomutjald fyrir sína keppendur á tjaldsvæðinu.

Árangur ungmenna okkar á mótinu var með ágætum en alls unnust 26 verðlaun í frjálsum, 5 í sundi og 1 í golfi, auk þess sem okkar strákar unnu knattspyrnu í flokkum 11-12 ára og 15-16 ára, lentu í öðru sæti í körfuknattleik í flokki 11-12 ára. Þá unnu stelpurnar okkar knattspyrnu 14-15 ára.

Keppnin fór að mestu fram á íþróttasvæðinu á Torfunesi þar sem búið var að leggja hlaupabrautir með gerfiefni og setja gerfigras á knattspyrnuvöll. Aðstaða Ísfirðinga er mjög glæsileg. Við hliðin á íþróttavöllunum er glæsilegt íþróttahús þar sem keppt var í körfuknattleik. Sundkeppnin fór fram í sundhöll Ísafjarðar sem er þó frekar lítil.

Mikið líf var á mótinu, auk íþróttakeppni var hæfileikakeppni og auðvitað kvöldvökur, tónleikar, tívólí og m.fl. til skemmtunar.



Tjaldstæði voru við verzlunarmiðstöðina Ljónið sem er spölkorn frá bænum og var einn helsti ókosturinn við annars vel heppnað mót, hve langt var í tjaldstæðið.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Tvær deildir innan UMSK náðu því takmarki á árinu að vera útnefndar fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Það voru skíðadeild Breiðabliks og sunddeild Breiðabliks. Þessar deildir eru þær fyrstu á höfðborgarsvæðinu til að hljóta þessa nafnbót.

Sunddeild Breiðabliks hlaut viðurkenninguna 28. nóvember í hófi sem haldið var af því tilefni í Smáranum. Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ afhenti Hildi Ástþórsdóttur formanni deildarinnar skjal til staðfestingar. Hildur sagði við athöfnina m.a. að skipst hefðu á skin og skúrir í starfi deildarinnar að undanförunu, þrátt fyrir snjóleysi hafi starfið verið gott.

Sunddeild Breiðabliks fékk sína viðurkenningu afhenta á jólavöku deildarinnar 19. desember. Ellert B. Schram afhenti Jóni Ágústi Gunnlaugssyni skjal viðurkenningunni til staðfestingar. Jón Ágúst þakkaði aðalstjórn Breiðabliks sérstaklega fyrir þann grunn sem hún hefur lagt til deildanna en það hefur auðveldað deildum að starfa eftir þeim gæðastöðlum sem „Fyrirmyndarfélag“ gerir kröfur um.

Stjórn UMSK samþykkti síðan að veita deildunum styrk að upphæð kr. 100.000,- hvorri deild vegna þess frumkvöðlastarfs sem hefur verið unnið innan deildanna. Fleiri félög og deildir innan UMSK munu væntanlega hljóta þessa viðurkenningu á næstu misserum og eru þau forsvarsmenn allra félaga innan UMSK hvattir til að huga að því hvort þessi gæðaviðurkenning sé ekki raunhæf fyrir þeirra félag.



Ellert B. Schram afhendir Hildi Ástþórsdóttur viðurkenningu til skíðadeildar Breiðabliks

24. Landsmót UMFÍ

8. til 11. júlí n.k. fer fram á Sauðárkróki 24. Landsmót UMFÍ. Keppt verður í 24 íþróttagreinum, þar af eru 20 greinar til stiga. Í fyrsta skipti er íþróttabandalögum heimil þátttaka í Landsmóti UMFÍ og er því viðbúið að mótið verði mjög fjölmennt. Þá hefur verið fjölgað keppendum sem héraðssamböndum er heimilt að skrá þannig að nú má skrá fimm einstaklinga í einstaklingsgreinar og tvö lið í liðakeppni.

Landsmótsnefnd var skipuð hjá UMSK s.l. haust og hefur hún komið saman á nokkrum fundum, þá hafa verið valdir liðstjórar fyrir þær greinar sem UMSK mun taka þátt í á þessu móti. Í landsmótsnefnd eru; Ester Jónsdóttir, Svanur M. Gestsson, Alda Helgadóttir, Hraunur Daníelsson og Ólína Sveinsdóttir.

Gert er ráð fyrir að á þriðja hundrað keppendur verði frá UMSK á mótinu ásamt fylgdarliði þannig að hópurinn frá sambandinu gæti talið um þrjúhundrað manns í heildina. Ákveðið hefur verið að nota sömu utanyfirgalla og á síðasta móti en sambandið á u.þ.b. tvöhundrað jakka til að láta til þeirra sem ekki eiga galla frá því síðast.

Gert er ráð fyrir því að flestir komi sér sjálfir á mótsstað en einnig er fyrirhugað að bjóða upp á rútuferðir fyrir þá sem þess óska. Gisting verður í tjöldum en sambandið fær til ráðstöfunar skólastofu til gistingar fyrir þá sem þess óska.

Að vöndu verður UMSK með stórt matartjald þar sem boðið verður upp á morgunmat og kvöldmat á meðan á mótinu stendur. Þá geta þátttakendur smurt sér nesti fyrir hádegis.

Stefnan er að sjálfsgöðu að vinna mótið en litlu munaði síðast.

Keppnisgreinar og greinastjórar UMSK:

Badminton	Einar Jóhannsson
Blak	Albert H.N. Valdimarsson
Borðtennis	Gunnar Hrafn Jónsson
Bridds	Trausti Finnbogason
5Fimleikar	Elsa Jónsdóttir
Frjálsar Íþróttir	Þórður St. Guðmundsson
Golf	Kjartan Guðjónsson
Handbolti, utanhúss	Ragnheiður Stephensen
Hestaíþróttir	Sævar Kristjánsson
Íþróttir fatlaðra	Þórður Árni Hjaltested
Júdo	Björn H. Halldórsson
Knattspyrna	Úlfar Hinriksson
Körfubolti	Hannes Jónsson
Skák	Leifur Ingi Vilmundarson
Skotfimi	Steinar Einarsson
Sund	Einar K. Hauksson
Starfsíþróttir	Guðbjörg Hinriksdóttir
Siglingar	Margrét Björnsdóttir
Dans	Hafsteinn Örn Guðmundsson

Keppnisgreinar án stiga:

Íþróttir eldri ungmennafélaga
Hjólreiðar
Fjallahlaup
Æskuhlaup

„Fjölskyldan á fjallið“

UMSK tók annað árið í röð þátt í verkefni „Fjölskyldan á fjallið“. Um er að ræða samstarfsverkefni þar sem tilnefnd eru fjöll út um allt land og komið fyrir á þeim gestabók. Gefinn var út leiðabók og fólk hvatt til að ganga á sem flest fjöll.

Hjá UMSK varð fyrir valinu Reykjaborg sem er fyrir ofan byggðina í Mosfellsbæ. Á Reykjaborg er létt að ganga en miðað er við að öll fjölskyldan eigi auðvelt með að komast á fjöllin. Farið var með gestabók og henni komið fyrir í póstkassa á toppnum í byrjun júní og þegar hún var sótt í lok september höfðu á annað hundrað manns skráð sig í bókina. Nöfn þeirra voru síðan sett í pott hjá UMFÍ þar sem dregnir voru út glæsilegir vinningar.

Gera má ráð fyrir því að gestabókinni verði komið fyrir á Reykjaborg aftur næsta sumar og þá jafnvel á fleiri fjöllum á svæðinu.

Heimasíða UMSK

<http://www.umsk.is>



Á leið á Reykjaborg

Leiðalýsing

Reykjaborg (286 m.y.s.)

Best er að hefja gönguna við Suðurreyki sem er bæ sem stendur við endann á veginum sem liggur að Reykjabýggðar-hverfinu í Mosfellsbæ. Gengið er norður fyrir bæinn og upp vegslóða sem liggur inn í Húsadal. Þegar vegslóðin hættir er Varmánni fylgt að þverá sem rennur úr suðri og er henni fylgt að Borgarvatni, þaðan er auðvelt að ganga á sjálfa Reykjaborgina. Gera má ráð fyrir 2 tímum í gönguna og er gönguleiðin auðveld og tilvalin fyrir alla fjölskylduna.

Héraðsmet í sundi

Konur

50 m	skrið	00.27,27 mín	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Breiðablik	99
100 m	skrið	00.59,79 mín	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Breiðablik	00
200 m	skrið	02.09,77 mín	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Breiðablik	00
400 m	skrið	04.33,15 mín	Steinunn Skúladóttir	Breiðablik	99
800 m	skrið	09.29,93 mín	Steinunn Skúladóttir	Breiðablik	99
50 m	bringa	00.34,24 mín	Þuríður Eiríksdóttir	Breiðablik	01
100 m	bringa	01.14,14 mín	Ragnheiður Runólfsdóttir	Afturelding	93
200 m	bringa	02.40,03 mín	Ragnheiður Runólfsdóttir	Afturelding	93
400 m	bringa	06.06,41 mín	Gígja Hrönn Árnadóttir	Afturelding	95
50 m	bak	00.31,99 mín	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Breiðablik	99
100 m	bak	01.08,43 mín	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Breiðablik	00
200 m	bak	02.29,48 mín	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Breiðablik	99
400 m	bak	05.26,49 mín	Eva Björk Björnsdóttir	Afturelding	95
50 m	flug	00.31,27 mín	Gígja Hrönn Árnadóttir	Afturelding	97
100 m	flug	01.07,97 mín	Gígja Hrönn Árnadóttir	Afturelding	97
200 m	flug	02.33,67 mín	Þuríður Eiríksdóttir	Breiðablik	99
100 m	fjór	01.08,10 mín	Gígja Hrönn Árnadóttir	Afturelding	98
200 m	fjór	02.29,56 mín	Þuríður Eiríksdóttir	Breiðablik	99
400 m	fjór	05.14,69 mín	Þuríður Eiríksdóttir	Breiðablik	00
4x50 m	bringa	02.42,94 mín	Telpnasveit	Afturelding	96
4x100 m	bringa	05.52,86 mín	Telpnasveit	Afturelding	96
4x50 m	fjór	02.12,57 mín	Stúlknasveit	Breiðablik	99
4x100 m	fjór	04.42,46 mín	Stúlknasveit	Breiðablik	00
4x200 m	fjór	10.59,80 mín	Stúlknasveit	Breiðablik	99
4x50 m	flug	02.29,82 mín	Stúlknasveit	Afturelding	97
4x100 m	flug	05.31,80 mín	Telpnasveit	Afturelding	95
4x50 m	skrið	01.57,57 mín	Stúlknasveit	Breiðablik	99
4x100 m	skrið	04.12,24 mín	Stúlknasveit	Breiðablik	99
4x200 m	skrið	09.30,73 mín	Stúlknasveit	Breiðablik	99

Karlar

50 m	skrið	00.25,11 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	99
100 m	skrið	00.54,59 mín	Þorvaldur S. Árnason	Afturelding	96
200 m	skrið	01.59,97 mín	Þorvaldur S. Árnason	Afturelding	96
400 m	skrið	04.21,90 mín	Hákon Örn Jónsson	Breiðablik	01
800 m	skrið	09.03,48 mín	Tómas Sturlaugsson	Breiðablik	95
1500 m	skrið	17.00,47 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	99
50 m	bringa	00.29,96 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	02
100 m	bringa	01.05,95 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	01
200 m	bringa	02.27,33 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	03
400 m	bringa	06.21,16 mín	Gunnar Steinþórsson	Afturelding	96
50 m	bak	00.30,35 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	03
100 m	bak	01.04,86 mín	Geir Birgisson	Afturelding	92
200 m	bak	02.24,87 mín	Geir Birgisson	Afturelding	92
50 m	flug	00.27,04 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	01
100 m	flug	01.00,71 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	02
200 m	flug	02.19,83 mín	Stefán Karl Sævarsson	Breiðablik	01
100 m	fjór	01.03,81 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	02
200 m	fjór	02.16,60 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	99
400 m	fjór	04.57,76 mín	Arnar Felix Einarsson	Breiðablik	99
4x50 m	skrið	01.54,15 mín	Piltasveit	Afturelding	96
8x50 m	skrið	03.39,82 mín	Piltasveit	UMSK	91
4x100 m	skrið	03.51,89 mín	Karlasveit	Breiðablik	02
4x200 m	skrið	08.31:28 mín	Karlasveit	Breiðablik	02
4x50 m	bringa	02.53,55 mín	Drengjasveit	Afturelding	97
4x100 m	bringa	05.04,70 mín	Piltasveit	UMSK	91
4x50 m	fjór	02.07,88 mín	Karlasveit	Breiðablik	99
4x100 m	fjór	04.23,63 mín	Karlasveit	Breiðablik	02
4x200 m	fjór	10.58,21 mín	Karlasveit	Breiðablik	94

Héraðsmet í frjálsum

Frjalsar Íþróttir eru stundaðar í þremur félögum innan UMSK það er í Breiðablik, Aftureldingu og Ungmennafélagi Bessastaðahrepps. Aðeins Breiðablik sendi lið til keppni í Bikarkeppni FRÍ og hafnaði lið Breiðabliks í 3. sæti. Þá sá Breiðablik um Meistaramót Íslands sem fram fór á Kópavogsvelli í júlí.

Afturelding hélt að venju stórmót Gogga galvaska en mótið hefur verið haldið á Varmárvelli frá árinu 1991. Þá tók góður hópur frjalsíþróttamanna þátt í Ungingalandsmóti UMFÍ um verslunarmannahelgina. Mikil gróska er í starfi frjalsíþróttadeildanna og er framtíðin björt

Konur

60 m	7,7 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	84
80 m	10,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	84
100 m	11,79 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	85
200 m	24,30 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	85
300 m	41,2 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	84
400 m	55,1 sek	Svanhildur Kristjónsdóttir	Breiðablik	87
800 m	2.06,22 mín	Hrönn Guðmundsdóttir	Breiðablik	82
1000 m	3.01,2 mín	Ragnhildur Pálsdóttir	Stjarnan	73
1500 m	4.22,95 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	91
1 míla	4.58,99 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	95
3000 m	9.31,0 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	93
5000 m	16.52,96 mín	Fríða Rún Þórðardóttir	Afturelding	95
1/2 maraþon	1.32.59 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	86
Maraþon	3.34.30 kl.st.	Fríða Bjarnadóttir	Breiðablik	86
100 m gr.hl.	14,11 sek	Guðrún Arnadóttir	Breiðablik	90
300 m gr.hl.	47,8 sek	Berglind Erlendsdóttir	Breiðablik	84
400 m gr.hl.	65,3 sek	Berglind Erlendsdóttir	Breiðablik	87
Kúluvarp	11,17 m	Gunnþórunn Geirsdóttir	Breiðablik	71
Kringlukast	35,46 m	Arndís Hauksdóttir	Breiðablik	98
Spjót kast	39,60 m	Arndís Björnsdóttir	Breiðablik	72
Sleggjukast	37,09 m	Aðalheiður M. Vigfúsdóttir	Breiðablik	01
Langstökk	5,84 m	Sigurbjörg Ólafsdóttir	Breiðablik	02
Þrístökk	11,43 m	Guðrún Arnadóttir	Breiðablik	91
Hástökk	1,75 m	Íris Jónsdóttir	Breiðablik	78
Stangastökk	3,50 m	Aðalheiður M. Vigfúsdóttir	Breiðablik	01
Fimmtaþr.	3291 stig (18,0 sek, 5,16 m, 9,59 m, 1,50 m, 26,6 sek)	Kristín Björnsdóttir	Breiðablik	72
Sjöþraut	4050 stig (16,39 sek, 1,67 m, 8,54 m, 28,33 sek, 4,96 m, 23,90 m, 2.36,32 m)	Jóhanna Jensdóttir	Breiðablik	95
4x100 m boðhlaup	48,04 sek (Inga Úlfsd., Berglind Erlendsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjónsd.)	Sveit UMSK	Breiðablik	87
4x200 m boðhlaup	1.54,1 mín (Helga Árnadóttir, Hrönn Guðmundsd., Guðrún Karlsdóttir, Linda Bentsd.)	Sveit UMSK	Breiðablik	78
4x400 m boðhlaup	4.12,1 mín (Kristín Björnsd., Ragnhildur Pálsd., Björg Kristjánsd., Hafdís Ingimarsd.)	Sveit UMSK	Breiðablik	72
1000 m boðhlaup	2.15,8 mín (Inga Úlfsd., Berglind Erlendsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjónsd.)	Sveit UMSK	Breiðablik	87

Karlar

100 m	10,79 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	03
200 m	21,71 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	03
300 m	34,44 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	94
400 m	48,42 sek	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	85
800 m	1.48,83 mín	Erlingur Jóhannsson	Breiðablik	87
1000 m	2.26,86 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	03
1500 m	3.47,65 mín	Björn Margeirsson	Breiðablik	03
1 míla	4.24,0 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	65
2000 m	5.53,6 mín	Þórður Guðmundsson	Breiðablik	65
3000 m	8.46,0 mín	Guðmundur Sigurðsson	Breiðablik	88
3000 m hind.	9.26,96 mín	Björgvin Friðriksson	Afturelding	95
2 mílur	10.02,6 mín	Erlingur Þorsteinsson	Stjarnan	74
5000 m	15.29,0 mín	Hannes Hrafnkelsson	Breiðablik	85
10000 m	33.36,34 mín	Gunnar Snorrason	Breiðablik	81
20000 m	1.11.56,4 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	71
25000 m	1.35.43,2 kl.st.	Gunnar Snorrason	Breiðablik	71
Klukkust.hl.	16.735 m	Gunnar Snorrason	Breiðablik	71
1/2 mar.hl.	1.18.19 kl.st.	Björgvin Friðriksson	Afturelding	95
Marap.hlaup	2.49.44 kl.st.	Bragi Þ. Sigurðsson	Breiðablik	83
110 m gr.hl.	14,29 sek	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	02
200 m gr.hl.	27,4 sek	Trausti Sveinbjörnsson	Breiðablik	70
400 m gr.hl.	53,52 sek	Egill Eiðsson	Breiðablik	93
Langstökk	7,85 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	03
Þrístökk	15,16 m	Karl Stefánsson	Breiðablik	71
Hástökk	2,04 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	02
Stangarst.	4,90 m	Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	02
Kúluvarp	19,31 m	Pétur Guðmundsson	Breiðablik	87
Kringlukast	62,34 m	Magnús Aron Hallgrímsson	Breiðablik	03
Spjótkest.ga	65,02 m	Hreinn Jónasson	Breiðablik	82
Spjótkest.ný	73,30 m	Unnar Garðarsson	Breiðablik	94
Sleggjukast	63,68 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	93
Lóðkast	18,59 m	Jón Sigurjónsson	Breiðablik	93
Fimmtarþr. 3030 stig (6,69 m, 39,50 m, 23,4 sek, 34,97 m, 4.42,0 mín)		Tómas Lárusson	Afturelding	52
Tugbraut 8390 stig (10,80s, 7,54m, 16,52m, 2,04m, 49,60m, 14,29m, 47,21m, 4,80m, 63,05m, 4.53,02m)		Jón Arnar Magnússon	Breiðablik	02
4x100 m boðhlaup 42,19 sek (Hörður Gunnarsson, Ingi Þór Hauksson, Kristján Friðjónsson, Egill Eiðsson.)		Sveit UMSK	Breiðablik/Afturelding	95
4x200 m boðhlaup 1.28,43 mín (Hörður Gunnarsson, Ingi Þór Hauksson, Kristján Friðjónsson, Egill Eiðsson.)		Sveit UMSK	Breiðablik/Afturelding	94
4x400 m boðhlaup 3.24,4 mín (Einar Gunnarss., Sigurjón Valmundss., Guðmundur Sigurðss., Hannes Hrafnkelss.)		Sveit UMSK	Breiðablik	86
4 x 800 m boðhlaup 8.25,4 mín (Böðvar Bjarnason, Hannes Hrafnkelsson, Ari Jónsson, Guðmundur Sigurðsson)		Sveit UMSK	Breiðablik	85
1000m boðhlaup 1.56,66 mín (Hörður Gunnarsson, Ingi Þór Hauksson, Kristján Friðjónsson, Egill Eiðsson.)		Sveit UMSK	Breiðablik/Afturelding	95

Skólahlaup UMSK

Skólahlaup UMSK fór að þessu sinni fram á Varmárvelli og var í umsjón frjálsíþróttadeildar Aftureldingar. Alls tóku á fjórða hundruð nemendur þátt í hlaupinu að þessu sinni frá átta skólum.

Best var mætingin úr Mýrarhúsaskóla en alls mættu 124 nemendur frá skólanum og er það rúmlega 50% þátttaka og hlaut skólinn Bræðrabikarinn að launum í þriðja sinn í röð. Í öðru sæti varð Hofstaðaskóli með 47,5% þátttöku.

4. bekkur drengir

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Vilhjálmur Geir Hauksson	Mýrarhúsaskóli	1	01:46,3
Snorri Páll Blöndal	Hofstaðaskóli	2	01:46,4
Brynjar Theodór Baran	Hofstaðaskóli	3	01:48,5

4. bekkur stúlkur

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Erla Ásgeirsdóttir	Hofstaðaskóli	1	01:49,2
Hugrún Elvarsdóttir	Hofstaðaskóli	2	01:52,3
Írunn Þorbjörg Aradóttir	Hofstaðaskóli	3	02:01,1

5. bekkur drengir

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Ingi Rúnar Kristinsson	Kópavogsskóli	1	01:44,0
Hrannar Bogi Jónsson	Smáraskóli	2	01:45,3
Þorleifur Óskar Leifsson	Mýrarhúsaskóli	3	01:45,4

5. bekkur stúlkur

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Stefanía Valdimarsdóttir	Smáraskóli	1	01:35,8
Hulda Soffía Ingólfssdóttir	Smáraskóli	2	01:47,1
Ingunn Ýr Angantýsdóttir	Smáraskóli	3	01:48,1

6. bekkur drengir

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Kristófer Þór Magnússon	Mýrarhúsaskóli	1	03:02,8
Armar Þór Ingason	Hofstaðaskóli	2	03:03,4
Franz Ploder Ottósson	Mýrarhúsaskóli	3	03:07,1

6. bekkur stúlkur

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Guðrún María Pétursd.	Hofstaðaskóli	1	03:08,6
Eyrún Ævarsdóttir	Varmáskóli	2	03:09,5
Kristín Tryggvadóttir	Varmáskóli	3	03:10,1

7. bekkur drengir

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Arnar Pétursson	Smáraskóli	1	02:49,3
Sigurður Örn Ragnarss.	Lágafellsskóli	2	02:56,0
Aron Þór Júlíusson	Kópavogsskóli	3	03:10,5

7. bekkur stúlkur

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Guðlaug Matthíasdóttir	Garðaskóli	1	03:16,1
Þórhildur Marteinsdóttir	Lágafellsskóli	2	03:24,9
Hanna Valdís Guðjónsd.	Lágafellsskóli	3	03:33,0

8. bekkur drengir

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Ólafur Karlsson	Varmáskóli	1	02:42,0
Ingvar Vignisson	Varmáskóli	2	02:46,0
Aron Gylfason	Lágafellsskóli	3	02:58,0

8. bekkur stúlkur

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Elísa Einarsdóttir	Varmáskóli	1	02:56,6
Hafdís Ágústsdóttir	Varmáskóli	2	03:04,0
Elsa Sveinsdóttir	Lágafellsskóli	3	03:18,2

9. bekkur drengir

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
Kristinn Ingi Halldórsson	Varmáskóli	1	04:37,0

9. bekkur stúlkur

Nafn	Skóli	Sæti	Tími
